

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið

1. að einstefna verði á Skúlagötu frá þeim stað, er Sætún kemur inn á Skúlagötu, að Skúlatorgi.
 2. að vinstri beygja af Sætúni inn á Skúlatorg verði bönnuð.
- Ákvörðun þessi tekur gildi 21. júní 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. júní 1988.

Böðvar Bragason.

Nr. 296

1. júní 1988

AUGLÝSING**um umferð á Akranesi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hefur verið ákveðið að biðskylda verði á Vesturgötu gagnvart Esjubraut. Ákvörðun þessi tekur gildi 15. júní 1988.

Bæjarfógetinn á Akranesi, 1. júní 1988.

e. u.

Tryggvi Bjarnason, ftr.

Nr. 297

8. júní 1988

AUGLÝSING**um staðfestingu á deiliskipulagi á Akranesi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. júní 1988 staðfest deiliskipulagsuppdrátt af svæði á Akranesi sem markast af Dalbraut, Esjubraut, Þjóðbraut og Stíllholti.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júní 1988.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.